

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Reykjavík 26. apríl 2019
UST201803-270/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 21.12. 2018, hjá ÍS 47 ehf.

Þann 21. desember sl. fór fram eftirlit í ÍS 47 ehf., Önundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tíu frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.6 í starfsleyfi. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hinsvegar um varanlega rekstrarstöðvun. Áætlun um vegna (ó)tímabundinnar rekstrarstöðvunar hefur ekki borist stofnuninni.
2. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að halda skráningar sbr. gr. 3.1 og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar vantaði vegna magns og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna, lyfja og þjálfun og reynslu starfsfólks.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit ársins 2017 barst 8. júní 2018 og uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar, sbr 3. og 5. kafla starfsleyfis. Nánari útlistun er undir umfang eftirlits.
4. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Graent bókhald með undirritun endurskoðanda skal berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Graenu bókhaldi var ekki skilað tímanlega, en var skilað undirrituð þann 6. júlí 2018. Frávinu telst því lokið.
5. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald skal berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Útreymisbókhaldi ársins 2017 var ekki skilað fyrir 1. maí, en barst þann 8. júní 2018. Fávinu telst því lokið.
6. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti. Endurskoðuð umhverfismarkmið liggja ekki fyrir.
7. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Ábending var gerð í eftirliti ársins 2017 að uppfæra þyrfti viðbragðsáætlun. Uppfærð áætlun, byggð á áhættumati hefur ekki borist stofnuninni.
8. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Neyðaráætlun vegna óvæntrar stöðvunar á rekstir eldisstöðvarinnar skal vera tiltæk og endurskoðuð reglulega. Ábending var gerð í eftirliti árs 2017 um að uppfæra þyrfti neyðaráætlun ásamt því að samningur þyrfti að liggja fyrir um förgun dauðfisks. Uppfærð áætlun hefur ekki borist stofnuninni.

9. Gr. 4.8 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vera tryggður vegna bráðamengunar hafs og stranda. Rekstraraðili hefur ekki framvísað gildu tryggingarskírteini vegna tryggingar vegna bráðamengunar.
10. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvía skv. samþykktri vöktunaráætlun. Ekki er unnið eftir samþykktri vöktunaráætlun. Sjá nánari útlistun undir umfangi eftirlits.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. maí, 2019.

Virðingarfyllst


Hulda S. Jónasdóttir
sérfræðingur


Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Önundarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	21.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Ís 47 ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Gísladóttir
Heimili	Fagraholti 3	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	650603-3030	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Jón Kristjánsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tíu frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlitið er varða skráningar, ársyfirlit, skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi, áætlanir vegna rekstrarstöðvunar og bráðamengunar og umhverfismarkmið.

Tvær ábendingar eru gerðar er varða vöktun og vöktunaráætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.
Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Nánari útlistun á fráviki frá grein 3.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirlit 2017 inniheldur ekki fullnægjandi upplýsingar. Framleiðslumagn, afföll og fóðurnýting koma ekki fram í yfirlitinu, ekki er nægilegt að vísa í skýrslu sem skilað er inn til annarrar stofnunar. Magn hreinsiefna, sótthreinsiefna og/eða lyfja sem notuð voru á árinu kemur ekki fram. Niðurstöður mælinga koma ekki fram. Einnig kemur ekki fram hvort rekstraraðili nýti heimild í gr. 2.3 starfsleyfis til að nota litaðar eldisnætur.

Nánari útlistun á fráviki frá grein 5.1 í starfsleyfi: Ekki er unnið skv. sampykkti vöktunaráætlun Ís 47 2017-2023 sem unnin var af Náttúrustofu Vestfjarða. Skv. vöktunaráætlun átti lokasýnataka að fara fram 2017 og hvíldarsýnataka í kjölfarið á árinu 2018 fyrir útsetningu nýrrar kynslóðar 2017. Hvíldarsýnataka var ekki framkvæmd fyrir útsetningu seiða.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 1.6 í starfsleyfi

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hinsvegar um varanlega rekstrarstöðvun. Áætlun um vegna (ó)tímabundinnar rekstrarstöðvunar hefur ekki borist stofnuninni.

Gr. 3.1 í starfsleyfi

Rekstraraðila ber að halda skráningar sbr. gr. 3.1 og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar vantaði vegna magns og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna, lyfja og þjálfun og reynslu starfsfólks.

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit ársins 2017 barst 8. júní 2018 og uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar, sbr 3. og 5. kafla starfsleyfis. Nánari útlistun er undir umfang eftirlits.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Grænt bókhald með undirritun endurskoðanda skal berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert, Grænu bókhaldi var ekki skilað tímanlega, en var skilað undirrituðu þann 6. júlí 2018. Frávikinu telst því lokið.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhald skal berast eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
Útreymisbókhaldi ársins 2017 var ekki skilað fyrir 1. maí, en barst þann
8. júní 2018. Fávikinu telst því lokið.

Gr. 4.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt
þeim. Umhverfismarkmiðin skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.
Endurskoðuð umhverfismarkmið liggja ekki fyrir.

Gr. 4.4. í starfsleyfi

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli
áhættumats. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í
lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og vera
aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Ábending var gerð í eftirliti ársins 2017 að
uppfæra þyrti viðbragðsáætlun. Uppfærð áætlun, byggð á áhættumati
hefur ekki borist stofnuninni.

Gr. 4.5 í starfsleyfi

Neyðaráætlun vegna óvæntrar stöðvunar á rekstir eldisstöðvarinnar
skal vera tiltæk og endurskoðuð reglulega. Ábending var gerð í eftirliti
árs 2017 um að uppfæra þyrti neyðaráætlun ásamt því að samningur
þyrti að liggja fyrir um förgun dauðfisks. Uppfærð áætlun hefur ekki
borist stofnuninni.

Gr. 4.8 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal vera tryggður vegna bráðamengunar hafs og stranda.
Rekstraraðili hefur ekki framvísað gildu tryggingarskírteini vegna
tryggingar vegna bráðamengunar.

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvía skv.
samþykktri vöktunaráætlun. Ekki er unnið eftir samþykktri
vöktunaráætlun. Sjá nánari útlistun undir umfangi eftirlits.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili vill benda á að skv. gr. 5.1 í starfsleyfi skal vakta kopar í umhverfi ef heimild rekstaraðila til notkunar koparlitára eldisnótna er notuð. Í lokaskýrslu 2017 fyrir Mosdal eru engar niðurstöður á koparmælingum en ekki kemur fram í lokaskýrslunni, ársyfirliti né grænu bókhaldi hvort heimildirnar séu í notkun.

Einnig vill eftirlitsaðili benda á að samþykkt vöktunaráætlun kveður ekki á um mælingar í sjósýnum. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögur Hafrannsóknarstofnunar um þá gæðaþætti sem vakta skal í strandsjó. Umhverfisstofnun óskar því eftir uppfærðri vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila.

ANNAÐ


Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var sendur rekstraraðila á rafrænu formi í kjölfar eftirlits.

Stofnunin beinir þeim tilmælum til rekstraraðila að ársyfirliti ársins 2018 sem var skilað 27.mars sl.verði skilað aftur fyrir 1. maí nk. með fullnægjandi upplýsingum í samræmi við skráningu fráviks á skilum ársyfirlits 2017 og leiðbeiningar eftirlitsaðila. Heimild starfsleyfis til losunar fosfórs í viðtaka er 14 kg/tonn af framleiddum fiski, því óskar stofnunin eftir því að losun fosfórs komi einnig fram á því formi í ársyfirliti.

26.04.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Ís 47, Önundarfirði	Dags. eftirlits: 21.12.2018	Staðsetning stöðvar: Önundarfjörður, 2 staðsetningar	Starfsleyfisflokkur: 3
Kennitala rekstraraðila: 650603-3030	Gildistími starfsleyfis: 31.12.2030	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Sjókvíar, 1.200t af regnboga og þorski

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		Nei		
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Vantar skráningar: - Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna, lyfja. - Þjálfun og reynslu starfsfólks - Teikningar af frárennsli starfsmannaaðstöðu (eina aðstaðan er báturinn) - tæming olíugildra (úr bát? óljóst)
Ársskýrla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Var skilað 8. Júní 2018
Grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Grænu bókhaldi var skilað með undirskrift endurskoðanda 6. júlí og útstremmisbókhaldi 8. júní 2018.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Þarf að uppfæra.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?				Vantar að senda inn gilt tryggingaskírteini.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Vantar uppfærslu sbr. athugasemdir sem sendar voru í okt 2016

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		X		
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vrit? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			P=12,38 kg/tonn skv. lokaskýrslu Nave fyrir Mosdal 2017. Ákvarðað frá fóðurnotkun. Útreikningar
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennсли? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennсли?			X	
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennсли, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.			X	
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).			X	

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		X		
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?				Gera á mælingar á svæði A nú í ár skv. vöktunaráætlun. Skýrsla frá Mosdal fyrir 2017 í lagi. Hvildarsýnataka var ekki framkvæmd.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.				Komið, en skráningar vantar skv. gr. 3.1
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.				Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				Hvildarsýnataka áætluð í vor, skv. starfsleyfi. NAVE sér um mælingar.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvær athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu er varða viðbragðsáætlun og samning um móttöku lífræns úrgangs í tengslum við neyðaráætlun. Fimm frávik kom fram er varða að skil á ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbóhaldi voru ekki innan tímamarka, vöktunaráætlun var ekki aðgengileg við eftirlit og að umhverfismælingar hafa ekki verið gerðar skv. starfsleyfi.

Samantekt:	Athugasemdir gerðar við vöntun á skráningum í innra eftirliti. Skýrslum og mengunarþókhaldi hafði verið skilað eftir 1. maí. Ekki kemur fram þar hvort rekstraraðili notar heimild starfsleyfis til notkunar koparlitaðra kvía. Uppfærslur á áætlunum vantar. Umhverfismarkmið vantar. Gilt tryggingarskírteini vegna bráðamengunar liggur ekki fyrir. Hvildarsýnataka fór ekki fram.
Annað	Óskað er eftir uppfærðri vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila. Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var sendur rekstraraðila í kjölfar eftirlits.

Undirskrift eftirlitsmanns:

